

Ár 2006, þriðjudaginn 19. desember, er í Áfrýjunardómstól ÍSÍ, í málinu nr. 5/2006:

**Knattspyrnudeild Þórs  
gegn  
Knattspyrnudeild ÍR**

uppkveðinn svohljóðandi

**dómur:**

Málið dæma Jón G. Zoëga, Helgi I. Jónsson og Snorri Olsen.

Áfrýjandi skaut málinu til dómstólsins með áfrýjun 30. október 2006. Áfrýjað er dómi Áfrýjunardómstóls KSÍ frá 23. október 2006.

Málið var dómtekið 13. desember 2006 að loknum munnlegum málflutningi.

Áfrýjandi krefst þess að úrslit í leik Þórs-KA og ÍR í aukakeppni meistaraflokks kvenna, sem fram fór 10. september 2006, verði dæmd ógild og að liði Þórs-KA verði dæmdur sigur í leiknum 3-0.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms en til vara að ofangreindur leikur verði endurtekinn.

Áfrýjandi krefst þess að varakröfu stefnda verði vísað frá dómi.

**I.**

Dómstóllinn samþykkti 22. september 2006 að taka mál þetta til efnismeðferðar. Í röksemdum dómsins fyrir þeirri niðurstöðu kemur fram að málið snúist um hvort það sé ábyrgð íþróttafélags að tefla fram leikmanni, sem samkvæmt reglum íþróttahreyfingarinnar er ólöglegur til að taka þátt í keppni með félagi, eða hvort leikmaður verði löglegur til þátttöku í keppni fyrir íþróttafélag við það að keppnisleyfi er gefið út fyrir hann af hálfu sérsambands innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Verði að telja að um slíkt grundvallaratriði sé að ræða að úrlist málsins hafi almennt gildi

fyrir íþróttahreyfinguna í heild í skilningi 2. másl. gr. 33.2. laga Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.

## II.

Í knattspyrnuleik milli Þórs-KA og ÍR í aukakeppni meistaraflokks kvenna, sem fór fram á Akureyrarvelli 10. september 2006, lék knattspyrnumaður að nafni Berglind Magnúsdóttir í marki ÍR. Berglind hafði leikið sem markvörður með tveimur öðrum liðum héraðs á Íslandsmóti almanaksárið 2006 áður en fyrrgreindur leikur fór fram, annars vegar 13. júní með liðið Fjölnis gegn GRV og hins vegar 30. ágúst með liði KR gegn liði Þórs-KA. Þar með hafði Berglind nýtt sér rétt til einna félagaskipta innanlands á almanaksárinu, sbr. 1. másl. gr. A.4. í reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna. Stefndi hafði óskað 6. september 2006 eftir undanþágu frá ofangreindu félagaskiptabanni með vísan til 3. másl. gr. A.4. þar sem kvennalið hans í meistaraflokki var markvarðarlaust. Í beiðninni var ekki greint frá því til hvaða leikmanns undanþágan skyldi taka. Samþykkti samninga- og félagaskiptanefnd beiðnina þannig fram setta og gaf KSÍ út keppnisleyfi fyrir Berglindi 9. september 2006.

Málið fór fyrir Dómstól KSÍ. Dómur var kveðinn upp 3. október 2006 og vann áfrýjandi málið. Stefndi skaut málinu til Áfrýjunardómstóls KSÍ sem dæmdi í því 23. október 2006. Komst meirihluti dómsins að þeirri niðurstöðu að úrslit umrædds leiks skyldu standa óhöggð. Einn dómenda skilaði sératkvæði og vildi staðfesta dóm Dómstóls KSÍ.

## III.

Af hálfu áfrýjanda er á því byggt að lið stefnda hafi verið ólöglega skipað í umræddum leik liðanna þrátt fyrir að keppnisleyfi Berglindar Magnúsdóttur hafi legið fyrir. Samkvæmt gr. 3.2.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót sé kappleikur því aðeins gildur að farið sé eftir reglum KSÍ og ÍSÍ. Hafi Berglind ekki verið hlutgeng í leiknum þar sem félagaskipti hennar í lið stefnda hafi verið hennar önnur félagaskipti á almanaksárinu en það sé í andstöðu við gr. A.4. í reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna.

Krafa áfrýjanda um að áfrýjanda verði dæmdur 3-0 sigur í leiknum sé reist á gr. 4.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót en þar sé kveðið á um að lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, teljist hafa tapað leiknum 0-3.

Undanþága Samninga- og félagaskiptanefndar hafi ekki heimilað Berglindi að leika umræddan leik og hafi keppnisleyfið ekki breytt réttarstöðu hennar gagnvart þessu

fortakslausa ákvæða sem leggi bann við að leikmaður leiki með þremur félögum á almanaksárinu. Á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. október sé félagsskiptabann hjá KSÍ. Á ársþingi KSÍ 2006 hafi verið samþykkt tillaga um undanþáguheimild fyrir Samninga- og félagaskiptanefnd. Í athugasemdum með tillögunni sjáist greinilega að verið sé að setja reglu um möguleg félagaskipti markvarða í sérstökum tilvikum utan félagsskiptatímabilsins. Sé hvergi minnst á að verið sé að leggja til undanþágu frá „tveggja félaga reglunni“. Grundvöllur keppnisleyfis Berglindar sé tilkynning stefnda og hennar um félagaskiptin. Hafi tilkynningin verið staðfest með undirritunum viðkomandi félaga um að Berglindi sé frjálst að ganga í annað félag, meðal annars með vísan til reglna KSÍ um félagsskipti leikmanna. Þýði þetta með öðrum orðum að Berglind og stefndi hafi lýst því yfir að Berglind hafi ekki verið áður í tveimur félögum. Í tilkynningunni sé ekki vísað undanþáguheimildarinnar og þess ekki getið að Berglind sé markvörður. Uppfylli tilkynningin formskilyrði 5. gr. reglugerðarinnar um félagaskipti. Samkvæmt gr. A.6. beri KSÍ að gefa út keppnisleyfi samstundis sé fullnægt öllum formskilyrðum. Hafi háttað þannig um þá tilkynningu sem barst vegna Berglindar 8. september 2006. Samkvæmt verklagsreglum við afgreiðslu keppnisleyfa, sbr. gr. A.6. og og A.8., hvíli ekki nein rannsóknarskylda á KSÍ við afgreiðslu þessara erinda. Gert sé þó ráð fyrir að KSÍ hafi heimild til að seinka útgáfu keppnisleyfis ef ætla megi að tilgangur félagaskiptanna sé að fara á svig við leikbann, sbr. gr. A.7. Eigi hlutirnir að ganga hratt fyrir sig og sé það því á ábyrgð félaganna og viðkomandi leikmanns að efnisleg skilyrði séu uppfyllt. Sé keppnisleyfi í raun staðfesting á því að viðkomandi félagaskipti hafi verið tilkynnt KSÍ með formlega réttum hætti en allar efnislegar takmarkanir séu til staðar eftir sem áður ef um þær sé að ræða, sbr. gr. A.3. í reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna. Byggist sú niðurstaða Áfrýjunardómstóls KSÍ, að Samninga- og félagaskiptanefnd hafi borið að grennslast sérstaklega fyrir um til hvaða markvarðar stefndi ætlaði að leita ef undanþága fengist ekki, því ekki á settum reglum og verði þessi skylda ekki lögð á nefndina samkvæmt eðli máls. Sama eigi við um afgreiðslu KSÍ á keppnisleyfi.

#### IV.

Stefndi reisir kröfugerð sína á því að samkvæmt gr. A.1. í reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna séu þeir leikmenn hlutgengir sem gerst hafa félagar í því félagi, sem þeir leika með, eigi síðar en degi áður en kappleikur fer fram og, þegar því er að skipta, degi eftir að KSÍ hefur gefið út keppnisleyfi fyrir leikmanninn. Umrætt keppnisleyfi frá 9. september 2006 hafi því veitt leyfi til keppni næsta dag.

Samkvæmt gr. A.3. í ofangreindri reglugerð sé leikmaður með keppnisleyfi ávallt hlutgengur í knattspyrnumóti enda sé gætt aldurs- og kyntakmarkana, sbr. 2. kafla reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Séu engir fyrirvarar á hlutgengi keppisleyfis svo fremi sem hinum almennu keppnisskilyrðum sé fullnægt og hafi þátttaka Berglindar Magnúsdóttur í umræddum leik því verið í fullu samræmi við keppnisleyfi hennar.

Þá sé kveðið á um það í gr. A.4. í reglugerðinni að leikmanni, sem leikið hafi á Íslandsmóti eða Bikarkeppni KSÍ, sé óheimilt að skipta um félag nema einu sinni á tímabilinu til og með 31. júlí. Jafnframt segi þar að frá 1. ágúst til og með 15. október séu félagaskipti óheimil en þó geti félagaskiptanefnd KSÍ veitt undanþágu fyrir félagaskiptum markvarðar ef ríkar ástæður séu að mati nefndarinnar. Verði ákvæðið túlkað á þann veg að félagaskiptanefndinni sé heimilt að líta til sérstakra aðstæðna hverju sinni og samþykkja félagaskipti á markverði þótt viðkomandi leikmaður hafi áður nýtt sér félagaskiptaheimild innan tímabilsins. Af ákvæðinu megi glöggt sjá að nefndin hafi frjálst val um það hvort undanþáguheimildinni verði beitt eður ei.

Kjósi félagaskiptanefnd að beita undanþáguheimildinni og veita keppnisleyfi sé sú ákvörðun gild og bindandi fyrir KSÍ og viðkomandi leikmann án tillits til þess hvaða ástæður lágu að baki undanþágunni.

Samkvæmt gr. A.3. sé KSÍ heimilt að afturkalla keppnisleyfi vegna mistaka eða rangfærslna í umsókn. Þar sé þó ekki kveðið á um að afturköllunin hafi önnur áhrif en þau að leikmaður flytjist í sitt gamla félag. Sú ákvörðun KSÍ að afturkalla keppnisleyfið 19. september 2006 breyti því engu um gildi þess.

Ákvörðun KSÍ um keppnisleyfi eða annað, sem lýtur að framkvæmd knattspyrnumóts, sé bindandi fyrir leikmenn, félög og dómara og hafi full réttaráhrif fram að þeim tíma að ákvörðun er felld úr gild, annað hvort fyrir frumkvæði KSÍ eða dómstóla KSÍ. Væri því játað að mistök KSÍ við útgáfu keppnisleyfis hefði þau réttaráhrif að leikmenn yrðu ólöglegir með afturvirkum hætti væri ljóst að mikil óvissa myndi ríkja um gildi ákvarðana KSÍ yfirleitt sem og niðurstöðu leikja.

Stefndi hafi því staðið að beiðni sinni um félagaskipti leikmannsins á eðlilegan hátt og upplýst KSÍ um hvaðeina sem skipti máli og var á færi forráðamanna félagsins að upplýsa í þeirri trú að undanþáguheimild gr. 4. í félagaskiptareglugerðinni fyrir

markverði næði jafnt til félagsskipta eftir 1. ágúst sem og fjölda liða. Hafi því allar upplýsingar um félagabátttöku leikmannsins legið fyrir hjá KSÍ.

## V.

Samkvæmt gr. A.4. í reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna getur leikmaður, hafi hann leikið í Íslandsmóti eða Bikarkeppni KSÍ á almanaksárinu, aðeins einu sinni farið fram á félagaskipti innanlands til og með 31. júlí. Eru félagaskipti innanlands óheimil frá og með 1. ágúst til og með 15. október en Samninga- og félagaskiptanefnd er þó heimilt að veita undanþágu frá því fyrir félagaskipti markvarðar ef ríkar ástæður eru til að mati nefndarinnar.

Í gr. A.5. í reglugerðinni segir að tilkynning um félagaskipti sé jafnframt yfirlýsing um að allir undirritaðir skuldbindi sig til að hlíta gildandi reglugerðum KSÍ um félagaskipti og samninga og stöðu félaga og leikmanna. Skal á tilkynningunni koma fram nafn og kennitala leikmanns og upplýsingar um hvort hann hafi verið samningsbundinn á undanförunum 3 árum og þá hvar, hvernig og hvenær hann var það síðast, félags þess sem hann þess sem hann er í, félags þess sem hann óskar eftir að ganga í, dagsetning tilkynningarinnar og staðfesting þessara þriggja aðila með undirritun.

Í umsókn stefnda um að fá að nýta sér undanþáguákvæði 3. másl. gr. A.4. reglugerðar KSÍ um félagaskipti leikmanna var ekki tilgreint hvaða leikmann stefndi hygðist fá til liðs við sig yrði undanþágan veitt. Af því leiðir að í samþykki félagaskiptanefndar KSÍ fyrir að veita stefnda umbeðna undanþágu fólst það eitt að fallist var á að vegna aðstæðna stefnda væru uppfyllt skilyrði ákvæðisins til að verða við beiðninni.

Samkvæmt fyrri másl. gr. A.3. í umræddri reglugerð um félagaskipti leikmanna skal leikmaður, sem er handhafi keppnisleyfis sem útgefið hefur verið af KSÍ, ávallt vera „hlutgengur til keppni í knattspyrnumótum á Íslandi svo fremi sem aðrar takmarkanir eru ekki fyrir hendi (t.d. aldur, kyn o.s.frv.)“. Takmarkanir á því að handhafi keppnisleyfis samkvæmt framansögðu sé hlutgengur í keppni í knattspyrnumótum eru ekki tæmandi taldar í ákvæðinu. Verður að telja að keppnisleyfi sé háð þeirri takmörkun að uppfyllt sé það grunnskilyrði gr. A.4. í reglugerðinni að leikmaður, sem leikið hefur í Íslandsmóti eða Bikarkeppni KSÍ á almanaksárinu, megi einungis skipta einu sinni um félag innanlands. Skiptir ekki máli í því tilliti hvort um er að ræða meginregluna um félagaskipti leikmanna til og með 31. júlí eða undantekningarregluna um heimild fyrir félagaskipti markvarða frá og með 1. ágúst til og með 15. október.

Fyrrgreind regla gr. A.4., um að leikmanni sé einungis heimilt að skipta um félag einu sinni á almanaksárinu, hafi hann leikið í Íslandsmóti eða Bikarkeppni KSÍ, er fortakslaus. Óumdeilt er að Berglind Magnúsdóttir hafði leikið með tveimur félögum á Íslandsmótinu á almanaksárinu og þar með nýtt sér heimild félagaskiptareglugerðarinnar til að skipta einu sinni um félag. Samkvæmt því var skipting Berglindar yfir í félag stefnda í brýnni andstöðu við umrædda reglugerð og þar með keppnisleyfi hennar sem gefið var út af hálfu KSÍ 9. september 2006. Skal tekið fram að KSÍ hefur viðurkennt í verki með afturköllun keppnisleyfisins 19. september 2006 að mistök hafi verið gerð af hálfu sambandsins með útgáfu þess.

Er stefndi sótti um um keppnisleyfi fyrir umræddan leikmann lá fyrir að hann var ekki hlutgengur til keppni með stefnda. Sú skylda hvíldi á stefnda samkvæmt framansögðu að ganga úr skugga um að leikmaðurinn fullnægði skilyrðum reglugerðarinnar að þessu leyti áður en sótt var um keppnisleyfi fyrir hann enda var það forsenda þess að leikmaðurinn væri löglegur í leik með félaginu. Var það því á ábyrgð stefnda að tefla fram hinum ólöglega leikmanni, og þar með ólöglegu liði, í þeim leik sem hér um ræðir.

Samkvæmt gr. 3.2.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er kappleikur því aðeins gildur að farið sé eftir reglum KSÍ og ÍSÍ. Ber því að dæma leikinn tapaðan fyrir stefnda, 0-3, sbr. gr. 4.3.1. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

#### **Dómsorð:**

Úrslit í leik Þórs-KA og ÍR í aukakeppni meistaraflokks kvenna, sem fram fór 10. september 2006, eru ógild og er leikurinn dæmdur tapaður fyrir lið ÍR með markatölunni 0-3.

Jón G. Zoëga

Helgi I. Jónsson

Snorri Olsen